

Alþingi
Erindi nr. P 131/1355
komudagur 18.4.2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150REYKJAVÍK

15. apríl 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um nýtt tækifæri til náms, 144. mál

Tillagan miðar að því að menntamálaráðherra verði falið að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi.

Samtök atvinnulífsins taka undir mikilvægi þess að viðurkenndar námsleiðir standi til boða þeim fjölmenna hópi á íslenskum vinnumarkaði sem einungis hefur lokið grunnskólaprófi eða minna. Þá er ekki síður mikilvægt að byggt verði upp formlegt matskerfi sem mæli hæfni einstaklings umfram formlega skólamenntun. Að þessu verkefni, þróun raunfærnimats, er unnið á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem rekin er í samstarfi SA og ASÍ í krafti þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið. Sama gildir um þróun framboðs á vottuðum námsleiðum fyrir markhóp tillögunnar, sem myndað geti brýr yfir í hið formlega skólakerfi.

Þá hafa Samtök atvinnulífsins og stéttarfélag allt frá árinu 2000 starfrækt sérstaka fræðslusjóði á almennum vinnumarkaði sem opnað hafa launafólki ný tækifæri til náms. Fyrir rúmu ári síðan var samið um aukna beina kostnaðarþátttöku fyrirtækja í rekstri þessara sjóða og mun sú leið taka yfir í áföngum á næstu árum, í stað þeirrar óbeinu fjármögnunar sem verið hefur úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem fjármagnaður er með tryggingargjaldi. Frá og með 1. janúar 2007 munu fyrirtæki þannig greiða 0,15% af launum verkafólks til starfsmenntasjóða SA og stéttarfélaganna. Hugmyndir tillögunnar um aukna kostnaðaraðkomu atvinnulífs (undir „Þjóðarsátt um...“ bls. 3 í greinargerð) að átaki um nýtt tækifæri til náms eru því engan veginn ásættanlegar.

Í greinargerð tillögunnar segir að mikilvægt að sé að sú reynsla sem fengist hafi með starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins nýtist sem best en ljóst sé að þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins við fræðslumiðstöðina dugi ekki til að ná þeim árangri sem nauðsynlegur sé fyrir markhóp tillögunnar.

Samtök atvinnulífsins taka sem fyrr segir undir mikilvægi helstu markmiða tillögunnar. Þörfin fyrir átak í þessum efnnum er til staðar. Samtökin telja hins vegar rétt að halda áfram og efla það starf og þær markvissu aðgerðir sem þegar er til staðar í þessum efnnum og hefur jafnvel nýverið verið komið á, fremur en að átak beinist í einhverjar nýjar áttir, en framkvæmdarhluti

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

tillögunnar er fremur óljós. Samtökin atvinnulífsins eru reiðubúin til áframhaldandi samstarfs á þessu sviði, en mikilvægt er að kröftunum verði ekki dreift of víða.

Virðingarfyllt,

Guðstaf Adolf Skúlason
Forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

